

73

15. maí

## AUGLÝSING

## um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í París, hinn 5. maí 1961, var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 framlengdur til 31. desember 1961.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 15. maí 1961.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

---

*Agnar Kl. Jónsson.*

74

30. maí

## AUGLÝSING

## um aðild Íslands að samningnum um hina alþjóðlegu framfarastofnun (IDA).

Samkvæmt heimild í lögum nr. 59 frá 29. marz 1961 hefur Ísland gerzt aðili að hinni alþjóðlegu framfarastofnun (International Development Association).

Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd í Washington hinn 19. maí 1961 og aðildarskjal Íslands að samningnum afhent sama dag.

Miðast gildistaka samningsins að því er Ísland varðar við 19. maí 1961.

Orðalag samningsins um hina alþjóðlegu framfarastofnun er birt með lögum nr. 59 frá 29. marz 1961.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 30. maí 1961.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

---

*Agnar Kl. Jónsson.*